

BORGARRÁÐ 19. september 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um verkfræðihönnun og eftirlit með mannvirkjum ÍR - R19090202

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir skýringu á því hvers vegna sami aðili var ráðinn til þess að sjá um verkfræðihönnun (burðarþol, jarðtækni, raflagnir, loftræstingu o.s.frv) vegna íþróttamannvirkja á ÍR svæðinu og síðan til að vera eftirlitsaðili með sömu framkvæmd. Hvenær hófst verkið og hversu lengi sá sami aðilinn um hönnun og hafði eftirlit með sjálfum sér? Hefur Reykjavíkurborg vinnureglur sem eiga að koma í veg fyrir að svona lagað geti gerst? Var verkfræðihönnun íþróttamannvirkja á ÍR svæðinu boðin út? Ef svo var ekki, hverjar eru þá skýringarnar á því?